

Fundargerð formanna/þjálfarafundar TKÍ, 3. september 2014.

### **Sigursteinn**

Fjallaði um OL-TEAM og Jesus Ramol. Óskar eftir að fá aðstoð frá Jesus og nota það starf sem hann hefur verið að vinna sem landsliðsþjálfari Finna.

Suvi Mikkonen, landsliðsmaður Finna, aðstoðar við að koma upp hóp af afreksfólki. Markmiðið að koma upp ÓL-hóp sem starfa með finnska landsliðsþjálfaranum.

Sigursteinn og Jesus vilja búa til umgjörð utan um 2-4 keppendur sem eiga möguleika á ÓL.

Við séum að búa til hóp til að hámarka líkurnar hjá okkar krökkum til að ná árangri, með litlum tilkostnaði.

Óskar eftir samþykki TKÍ til að stýra *Olympic Team*.

### *Kostnaður TKÍ*

Sept, 2014 - ágúst, 2015 = 120.000 kr.

Vinna utanaðkomandi = 135.000 kr.

Korean Tigers vilja koma til Íslands og halda sýningu. Kukkiwon borgar brúsann en þeir vilja fá formlega móttöku, rútu fyrir sightseeing og "night out" í Reykjavík. Sigursteinn hefur fundið 500 þús kr. styrk.

### **Kolla**

Farið yfir dagatal.

Sigursteinn kom með hugmynd um að TKÍ myndi festa ákveðnar helgar allt árið (t.d. 1. og 3. helgi í hverjum mánuði) þannig að félög geti gert ráð fyrir því þegar þau skipuleggja sig.

### **Rikki**

Tillaga að breytingum varðandi mótahald.

Leyfa höfuðspörk í cadet. Samþykkt með meirihluta.

Leyfa eitt höfuðspark sem gert er af gáleysi í flokkum sem höfuðspörk eru bönnuð og dæma keppanda úr leik ef það gerist aftur.

Íslandsmótin breytt í Úrvalsdeild og 1. deild. Stigagjöf verður áfram 5-3-1. Einungis úrslit í Úrvalsdeild teljast til Íslandsmeistaratitils.

Samþykkt með meirihluta atkvæða.

Ríkjandi Íslandsmeistarar fá tilkall til að halda Íslandsmeistaramót. Fellt með meirihluta atkvæða.

Keyra þrjú fullorðinsmót og tvö barnamót. Samþykkt með meirihluta.

Lagt til að keppendur geti ekki farið niður um flokk ef þeir keppa einu sinni í flokknum fyrir ofan sig. Einnig að það sama eigi við um beltagráður.

Lögð fram tillaga um að sleppa skorbrynjum hjá 5-7 ára.

Fyrirframgefin púmse fyrir lægri belti. Samþykkt.

Ríkjandi bikarmeistari fái tilkall til að halda síðasta bikarmótið. Fellt.

Félagaskiptagluggi sé opinn frá 15. október til 31. október og 1. des til 31. des. TKÍ heldur utan um félagaskráningu iðkenda og öll félagaskipti sem fara fram. Iðkendur geta skipt um félag í opnum félagaskiptaglugga. TKÍ sendir út tilkynningu þegar hann opnast. Nýjir óskráðir iðkendur geta skráð sig í félag í lokuðum félagaskiptaglugga. Í upphafi tímabils senda félög TKÍ iðkendalista frá sér og TKÍ uppfærir iðkendagrunn.

### **Levy**

Kynnti vefkerfi sem hann hefur verið að vinna að í sumar. Sækir öll gögn úr FELIX og setur í iðkendagrunninn. Heldur einnig utan um öll úrslit á mótum og árangur allra iðkenda, ásamt styrkleikalista.